



**HAFNARFJÖRÐUR**

# Gerð menntastefnu Hafnarfjarðar

Kristín María Thoroddsen formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðar

# Af hverju menntastefna ?

- Síbreytilegt samfélag
- Hvernig viljum við haga menntun barna okkar
- Menntun og líðan
- Hvert stefnum við



# Upphaf og aðdragandi

- Starfshópur um vinnu við undirbúning að gerð menntastefnu
- Stýrihópur um gerð menntastefnu
- Menntaleiðtogar
- Stjórnendur
- Vinnufundir, þjóðfundir, íbúáping...



# Fyrir hvern ?


- Öll börn í Hafnarfirði til 18 ára aldurs
  - Gildir í 10 ár, endurskoðuð á 4 ára fresti
  - Tengist öðrum stefnum og ákvörðunum sveitarfélagsins
-

# Lykil þátttakendur

- Nemendur
- Starfsfólk - menntastofnanna, tómstunda og íþróttar
- Foreldrar
- Aðrir hagsmunahópar
- Hafnfirðingar
- Og aðrir áhugasamir um menntamál



# Hagsmunahópar







# Gerð menntastefnu Hafnarfjarðar

Faney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar





# Menntun – Skóli - Stefna

Skólastefna Hafnarfjarðar er 10 ára gömul

Ný stefna verður **mennta**stefna og gildir frá 2020-2030

Menntun – Skóli

Margt gerist á 10 – 20 – 30 árum

---

# Hvað er menntun?

Lengi vel hefur verið litið á að menntun sem leið til að  
víkka út hugann og að þroska nemendur til sjálfstæðis í hugsunum og athöfnum.

Síðustu áratugi hefur sjónarhornið verið á að menntastofnanir séu þjónustustofnanir og menntun  
“verslunarvara” sem horfir fram hjá því hlutverki menntastofnana, sem er  
að mennta, menntunarinnar sjálfrar vegna.

*Hæfni, félagsmótun og sálfstæð hugsun*

Starf skólanna og fagmennska kennara felst í að halda jafnvægi milli þessara meginþátta  
menntunar og að taka ákvarðanir um kennslufræði, aðferðir og skipulag.

Leiðin til menntunar er ferli en ekki einhver ákveðinn lokapunktur eða afurð.

**Menntastefnan okkar á að vera leiðarvísir í því jafnvægi**

Gerð menntastefnu Hafnarfjarðar verður unnin með þetta í huga, með áherslu á fagmanninn,  
nemandann og jafnvægi þessara meginþátta.

- Leiðir *lærdómssamfélags* verða lagðar til grundvallar vinnu við stefnuna. Þar sem megináhersla verður á **vellíðan, vöxt og árangur í öllu námi, lífi og starfi.**
  - **Mennta**stefnan á ekki einungis að taka mið af verkefnum skólanna heldur alls sviðsins, þar sem við skilgreinum verkefnið vítt, t.d. **forvarnir og vellíðan, lýðheilsu, íþróttir og tómstundir.**
  - **Mennta**stefnan nær utan um starf með öllum börn Hafnarfjarðarbæjar; *hjá dagforeldrum, leik- og grunnskólum, tómstundamiðstöðvum (frístundaheimili og félagsmiðstöðvar, ungmennahúss) og öllum aðildarfélögum innan IBH.*
-

# Góður skóli - góð menntun?



Skólinn endurspeglar samfélagið...skólinn er breytingarafl sem hefur áhrif á samfélagið...þegar framtíðin kallar og hefur toga fast

# „Skólastofan“ er vettvangur breytinga og framfara

- Orkan sem við nýtum við vinnu okkar þarf að beinast þangað inn
- Faglegt námssamfélag innan skólans er „skólastofan“
- Breytingar ekki breytinganna vegna – skoðum umbætur sem leiða til frekari vellíðan og árangurs með samvirkni í kerfinu, ígrundun á starfsháttum, teymiðsvinnu og samstarfi
- Það að innleiða ígrundaðar **umbætur** felur í sér faglegt nám (Fullan)
- Umbætur eru ekki einungis á ábyrgð þeirra sem vinna innan skólanna heldur allra sem eru í umhverfinu/skólasamfélaginu

*Skólar eru grunneiningar menntakerfisins*



# Tilgangur gerðar menntastefnu

Árangursrík menntakerfi leggja áherslu á samvirkni í öllu kerfinu, markvisst umbótastarf sem byggir á faglegri ígrundun í leiðir, rannsóknir og aðferðir.

Þetta verður til i teymisvinnu, stöðugu umbótastarfi og með faglegu námi (Hopkins, Stringfield, Harris, Stoll og Mackay, 2011)



## VII. kafli. [91/2008: Lög um grunnskóla](#)

### Inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstími

#### 24. gr. Aðalnámskrá

Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá 1) sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

- a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,
- b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,
- c. þjálfun í íslensku í öllu námi,
- d. leikræna og listræna tjáningu,
- e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
- f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,
- g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
- h. leik barna sem náms- og þroskaleið,
- i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,
- j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
- k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,
- l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

# Árangursrík skólakerfi



1. Skýr sýn (rædd og deild) um góða kennsluhætti
2. Nemendinn í brennidepli
3. Gæði náms og kennslu miðlæg í umræðu um umbótastarf
4. Kerfi sem tryggir að besta fólkið (highly qualified) í kennslu og stjórnun
5. Stöðugt framboð fyrir starfsþróun um nám og kennslu
6. Miklar faglegar kröfur og væntingar til skólastjórnenda
7. Markviss framleiðsla og nýting á rannsóknargögnum fyrir kennara til nota við mat og þróun eigin kennsluhátta.
8. Gripið fljótt inn í (at classroom level) til að bæta frammistöðu skólans
9. Áhersla á að tryggja jafnræði meðal nemenda t.d. með góðri menntun í leikskóla (early education) og snemmtækum stuðningi við nemendur
10. Skipulag sem tengir saman mismunandi stig skólakerfisins og stuðlar að markvissri innleiðingu á umbótaverkefnum sem byggir á samstarfi, ígrundum og faglegu námi.






# Leiðir til samskipta, skoðanaskipta, ábendinga, spurninga....

- ✓ Fundaraðir, samvinna, samtal
  - ✓ Menntaleiðtogar
  - ✓ Opin samráðsgátt:

<https://betri-hafnarfjordur.betraisland.is/community/28>

Netfang [menntastefna@hafnarfjordur.is](mailto:menntastefna@hafnarfjordur.is)

---



Our job is not to manage an education system that trains our children to cling on to our world, it is to create a system that frees them to seize their own (Richard Gerver, 2014)

*Verkefni okkar er ekki að stjórna menntakerfi sem þjálfar börnin okkar í að halda sig við heiminn okkar, heldur að búa til kerfi sem frelsar þau til að grípa sinn eigin (lauslega þýtt)*

# Menntaleiðtogar

## Hlutverk

- Er faglegur fulltrúi sinnar starfsstöðvar
- Er tengiliður stýrihóps/verkefnastjóra og starfsstöðva
- Hittir/fundar með stýrihópi og menntaleiðtogum reglulega á tímabilinu
- Aðstoða við undirbúning á rýnihópafundum
- Halda utan um skráningu/nafnalista þeirra sem tekur þátt í rýnihópafundi
- Taka saman gögn eftir fund með sinni starfsstöð
- Miðlar efni frá verkefnastjóra til starfsmanna og öfugt
- Er í góðum tengslum við verkefnastjóra
- Er í góðum tengslum við aðra menntaleiðtoga
- Situr samstarfsfundi með öðrum menntaleiðtogum
- Miðlar til starfshóps/verkefnastjóra því sem rætt er um á hans starfsstöð
- Sér um að gögn berist öllum starfsmönnum
- Er lykil manneskja í innleiðingu stefnunnar

## Eiginleikar menntaleiðtoga

- Er tilbúinn til samvinnunnar
- Er jákvæður í garð gerðar menntastefnunnar
- Er almennt jákvæður fyrir breytingum og þróun
- Á gott með að vinna í hóp
- Er skipulagður
- Er „viðurkenndur“ innan starfsstöðvarinnar
- Nýtur trausts innan hópsins
- Þekkir vel til skólamála (í Hafnarfirði)
- Hefur skilning á verkefninu
- Hefur tíma í að sinna þessu



# Leiðir til samskipta, skoðanaskipta, ábendinga, spurninga...

- ✓ Fundaraðir, samvinna, samtal
  - ✓ Menntaleiðtogar
  - ✓ Opin samráðsgátt:

<https://betri-hafnarfjordur.betraisland.is/community/28>

Netfang [menntastefna@hafnarfjordur.is](mailto:menntastefna@hafnarfjordur.is)

---